

Sjálfsrýni á leiðsögn meistara- og doktorsnema í ljósi eigin starfskenningar

Guðrún Ragnarsdóttir prófessor á Menntavísindasvið Háskóla Íslands og meðlimur í Kennsluakademíu opinberuháskólanna

Í þessu erindi greini ég eigin endurgjafatækni við leiðsögn meistara- og doktorsnema. Við leiðsögn leitast ég eftir því að ýta undir eignarhald nemenda í ferlinu öllu, sjálfstæði og ábyrgð á eigin námi. Rýnin byggir á kennslureynslu minni og leiðsögn og er sett fram í ljósi lýðræðislegra kennsluhátta, fjölbreyttra verkfæra sem beita má við endurgjöf og gilda um félagslegt réttlæti og jafnræði.

Greiningin beinist að því hvernig mismunandi aðferðir við endurgjöf – BOOST, Pendleton og samloku-aðferðin – hafa mótað samskipti mín við nemendur og hvernig ég leitast við að skapa rými fyrir samtal, samvinnu og virka þátttöku í leiðsögn. Ég skoða einnig eigin spurningatækni og ígrunda hversu virkur hlustandi ég er í leiðbeinendahlutverkinu. Sérstök áhersla er lögð á tilfinningalega vídd endurgjafar og hvernig hún getur haft áhrif á nám, sjálfsmynd og öryggi nemenda.

Ég dreg fram hvernig mér tekst að beita hugtökum á borð við framgjöf (e. *feedforward*) og hvernig ég vinn að jafnvægi milli hróss og gagnrýni, einkum í ritunarverkefnum og á leiðbeinendafundum. Rýnin er hluti af ígrundun minn á eigin starfsþroska þar sem ég leitast við að verða meðvitaðri um eigin kennsluhætti og áhrif þeirra. Í því samhengi tengi ég við fræðilega umræðu um lýðræðislegt skólastarf, sjálfsrýni og kennslufræði háskóla og velti fyrir mér hvernig leiðbeinendur geta þróað aðferðir sem mæta fjölbreyttum þörfum nemenda og efla faglegt og formgert samtal.